

**Ed.**

## **1019. Nefndarálit**

[205. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og hófst handa þegar er því hafði verið vísað til hennar. Laugardagsmorguninn 19. þ.m. kvaddi hún á sinn fund ýmsa bankamenn til að leita álits á málinu og jafnframt 228. máli sem nú er til 3. umræðu í deildinni.

Fyrstir komu á fund nefndarinnar þeir dr. Jóhannes Nordal og Davíð Ólafsson seðlabankastjórar. Svöruðu þeir greiðlega öllum spurningum nefndarinnar og greindu ítarlega frá sjónarmiðum sínum. Lýstu þeir því fyrst að Seðlabankanum hefði verið gert að annast ýmislega millifærslu, t.d. vegna afurðalána, og hlutverk hans því orðið annað og meira en upphaflega var áformað. Gat Jóhannes Nordal þess sérstaklega í inngangsorðum sínum að óvenjulegt væri að seðlabankar miðluðu peningum með þessum hætti og enginn vafi léki á því að þessi „miðlun“ hefði valdið hárrí bindiskyldu. Þessi miðlun væri ekki alveg búin en hann væri eindregið á þeirri skoðun að halda bæri áfram að lækka bindiskyldu eftir því sem aðstæður leyfðu.

Okkar stefna er að bindingin lækki og aðrar aðgerðir til hagstjórnar komi í hennar stað, sögðu báðir seðlabankastjórnir, en hún er nú sem kunnugt er 18% innlána í bönkum og sparisjóðum. Hins vegar mæltu þeir gegn því að hámarksprósenta væri sett í lög.

Spurningu um það hvort seðlabankastjórar hefðu verið boðaðir á fund fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar og gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri svaraði Jóhannes Nordal með einu orði: nei.

Viðræður við bankastjórana — en auk þeirra, sem að framan eru nefndir, mættu bankastjórar allra viðskiptabanka og forustumenn sparisjóða — snerust mjög um 8. og 9. gr. frumvarpsins, og að nokkru um 41. gr. í viðræðum við bankastjóra viðskiptabankanna og forstöðumenn sparisjóða. Er skemmst frá því að segja að enginn viðmælenda nefndarinnar léði máls á því að hafa átt hlutdeild í orðalagi 8. gr. og flestir fulltrúar viðskiptabanka og sparisjóða lýstu eindreginni andstöðu við 9. og 41. gr.

„Ég efast um kosti þess að bindingin miðist við annan grunn en innlánin,“ sagði Jóhannes Nordal og báðir seðlabankastjórnir virtust andvígir 8. gr. eins og hún er nú orðuð, enda sagði Jóhannes að „skilgreiningin ráðstöfunarfé væri erfið og bankinn mundi aldrei beita henni“.

Allir fulltrúar viðskiptabanka og sparisjóða, sem síðar komu til fundar, voru sammála um að heimild til að binda „ráðstöfunarfé“ hlyti að falla út ella væri unnt að binda eigið fé banka ef því ekki væri varið í steinsteypu, innlenda fjáröflun banka og erlendar lántökur. Raunar hafði Helgi Bergs landsbankastjóri einfalda og augljósa lausn á því síðastnefnda: „Erlendu lántökurnar mundu bara hækka um þá prósentu sem bundin væri.“

Seðlabankastjórar höfðu ekki um það upplýsingar hve mikið fé sambærilegar stofnanir erlendis við þær sem þeir stjórna treystu sér til að binda. Davíð Ólafsson seðlabankastjóri lýsti því í greinargóðu máli að ýmis önnur úrræði væru tiltækari, binding eins og hér hefði tíðkast væri ekki víða erlendis en breyting á bindiskylduhlutfalli mundi aðeins geta numið örfáum hundradshlutum — og bætti því við að þegar við yrðum komnir í gegnum það tímabil, sem við nú værum að ganga í gegnum, yrði binding hér svipuð og í öðrum löndum.

Seðlabankamenn lögðu áherslu á að það væri „fyrst og fremst samkeppni á peningamarkaði sem gæti komið í veg fyrir hávexti“, eins og Jóhannes Nordal orðaði það, um leið og hann vakti á því athygli að tugir umsókna hefðu verið um ný bankaútibú fyrir fáum árum þegar samkeppnin beindist að því einu að næla í spariféð án allra hagkvæmnissjónarmiða, en engin ný ósk um útibú hefði borist s.l. tvö ár því að nú væru menn sem óðast að átta sig á

hagkvæmnissjónarmiðum og eindregin þróun væri í átt til frjáls peningamarkaðar. Hann kvað það ekki viljaleysi Seðlabankans að viðskiptabankar réðu vöxtum, því meira frelsi sem ríkti þeim mun minna bil yrði milli innláns- og útlánsvaxta.

Er seðlabankastjórar viku af fundi komu bankastjórar viðskiptabanka í ríkiseign, þeir Jónas H. Haralz, Helgi Bergs, Lárus Jónsson og Stefán Pálsson. Helgi Bergs landsbankastjóri tók fyrstur til máls. Kvað hann þá landsbankastjóra ekki átta sig á breytingum 8. gr., þar sem ósamræmis gætti. Undir það tóku aðrir bankastjórar og nefndarmenn, svo og þau orð hans að „ekki væri einfalt að „definera“ hugtakið ráðstöfunarfé í 8. gr.“

Lárus Jónsson, bankastjóri Útvegsbankans, kvað 9. gr. frumvarpsins ekki í samræmi við yfirlýsingar um vaxtafrelsi viðskiptabanka. Ekki fengust greið svör annarra viðstaddra bankastjóra um þetta efni en þeir virtust þó geta unað þessari grein. Lárus kvaðst telja að ákvæði ættu að vera skýrari í lögum en vald ekki fengið stjórnvöldum í jafnríkum mæli og hér væri gert. Hins vegar þyrfti að setja ný lög um Seðlabanka vegna breytinga á lögum um viðskiptabanka sem samþykkt voru í fyrra.

Umræðan beindist nú að 41. gr. Spurningu formanns um það hvort einhver bankastjóranna gæti bent á heimild í lögum eða reglugerðum til handa Seðlabanka að beita svokölluðum refsivöxtum gat enginn svarað. Sama var uppi á teningnum hjá bankastjórum hlutafélagsbankanna sem síðar komu á fundinn, en Sigurður Hafstein, sem veitir forstöðu samtökum sparisjóða, taldi helst koma til greina almenna heimild Seðlabanka til vaxtaákvæðana.

Þegar fulltrúar hlutafélagsbankanna komu til fundar hóf Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Verslunarbankans, umræðuna en auk hans voru mættir: Stefán Gunnarsson, bankastjóri Alþýðubankans, Pétur Erlendsson, bankastjóri Samvinnubankans, og Valur Valsson, bankastjóri Iðnaðarbankans.

Höskuldur kvað ákvæðum um bindiheimild Seðlabanka ekki hafa verið beitt frá efnahagslegum forsendum, heldur hefðu önnur sjónarmið verið ráðandi. Ef bankinn ætti að hafa vald til að binda sparifé væri eðlilegt að lögbinda að það skyldi aðeins gert með hliðsjón af þróun efnahagsmála. Enn fremur benti hann á að mismunun hefði falist í bindireglum undanfarin ár þegar bindifé hefði verið endurlánað samkeppnisaðilum á fjármagnsmarkaði. Hann kvað vaxtagreiðslur af bundnu fé hafa rýrt vaxtatekjur innlánsstofnana þar sem þau hefðu jafnan tekið mið af innlánsvöxtum. Eðlilegra væri að miðað væri við meðaltal útlánsvaxta. Í 9. gr. væru miklar takmarkanir á svokölluðu vaxtafrelsi „með lipurri alhæfingu“. Undir orð Höskuldar tóku aðrir viðstaddir bankastjórar.

Pétur Erlendsson kvaðst geta fallist á að einhver heimild væri til bindingar en kvað „óþolandi“ að búa við ákvæði 9. greinar.

Stefán Gunnarsson taldi frumvarpið gera ráð fyrir „alhliða valdi“ til Seðlabanka. Hann benti á að takmörkun bindiheimildar hefði óveruleg áhrif enda hefði Seðlabankinn síðast „mjatlað í okkur á sjö árum“ þeim peningum sem átti að losa og á sínum kjörum þótt látið hefði verið líta svo út að um samkomulag hafi verið að ræða.

Valur Valsson kvað innlánsbindingu einungis geta átt rétt á sér sem lið í efnahagsstjórn. Afurðalánakerfið hefði verið til trafala nýjungum í atvinnumálum og nefndi þar sérstaklega fiskirækt sem hvergi hefði átt heima í kerfinu. Hann sagði 9. greinina „taka aftur vaxtafrelsið“ enda væri þar gert ráð fyrir „óhæfilegum geðþóttaákvörðunum“. Bankaeftirlitið vildi hann að yrði sjálfstætt.

Allir virtust sammála um að binding kæmi því aðeins til greina að hún væri af innstæðum.

Höskuldur Ólafsson tók til máls í lok umræðunnar og vakti athygli á því að ákvæði frv. um óhæfilegan vaxtamun í 2. mgr. 9. gr. yrði að túlka með hliðsjón af ákvæði um eigið fé í lögum um viðskiptabanka þar sem þeim væri lögð sú skylda á herðar að hafa reksturinn arðbæran, þannig að eiginfjárstaða þeirra rýrnaði ekki. Hann lýsti yfir eindregnum stuðningi

við 228. mál, frumvarp Eyjólfss Konráðs Jónssonar og Valdimars Indriðasonar, og virtust aðrir bankastjórar sammála honum, en þó hafði Pétur Erlendsson áður lýst yfir því að hann gæti fallist á 20% bindingu sparifjár.

Nú komu til fundar þeir Sigurður Hafstein, forstöðumaður Sambands sparisjóða, og Baldvin Tryggvason sparisjóðsstjóri, formaður samtakanna.

Baldvin kvað „ekki ná nokkurri átt að Seðlabanki gæti óhindrað bundið fé“ og lýsti sig algerlega andvígán 8. gr. Til greina kæmi að eitthvað af innstæðufé væri bundið en alls ekki umfram 10%. Hann lýsti eindregnum stuðningi við 228. mál. Hann benti á að í 8. gr. frumvarpsins (205. mál) væri talað um tiltekna upphæð en hún væri svo hvergi tiltekin heldur allt látið opið.

Sigurður Hafstein kvað Seðlabankanum ætlað allt of mikið vald að því er varðaði bindingu á ráðstöfunarfé innlánsstofnana. Ef Seðlabankinn hefði hins vegar vald til að binda sparifé væri það lágmarkskrafa að skylda hann í lögum til að greiða innlánsstofnunum eðlilega vexti af því fé. Hann gat þess að í sparisjóðunum hefði í marsmánuði s.l. verið tæpir 3 milljarðar króna inni á svokölluðum „trompreikningum“ sem sparisjóðirnir hefðu greitt eigendum 16% vexti. Seðlabankinn tæki síðan 18% þessa fjár til sín í formi bindingar og greiddi fyrir 2% vexti og vísitölu sem hefði verið neikvæð. Þetta væri „ekkert annað en eignaupptaka“.

Í ljósi framangreindra upplýsinga hefur nefndin málið til athugunar og mun brátt skila framhaldsnefndarálitum eða álitum.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Egill Jónsson.
Magnús H. Magnússon.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Sturla Böðvarsson.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	